

Miðvikudaginn 24. september 1969.

Nr. 121/1969. **Björn Jóhannsson**  
 gegn  
**Skógrækt ríkisins.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Kærumál. Frávísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnassýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1969, sem barst dóminum 24. júní s. á. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá verði honum dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Í máli þessu bar fógeta að kveða á um, hvort útburður skyldi fara fram eða eigi, og átti eigi við sérstakur úrskurður um frávísunarkröfu. Að svo vöxnu máli og þar sem lagaheimild brestur til að kæra synjun frávísunar, sbr. 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962, ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

### **Dómsorð:**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Björn Jóhannsson, greiði varnaraðilja, Skógrækt ríkisins, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

### **Úrskurður fógetaðóms Árnassýslu 19. apríl 1969.**

Mál þetta var þingfest í fógetarétti Árnassýslu 20. desember 1968 samkvæmt kröfu sóknaraðilja, Skógræktar ríkisins, sem

krefst þess í málinu, að varnaraðili, Björn Jóhannsson, bóndi í Skriðufelli í Gnúpverjahreppi, verði borinn út af jörðinni, sem er eign Skógræktarinnar. Útbyggingarsakir eru taldar vanræksla á greiðslu eftirgjalds, vanefndir á samningum við Skógræktina og þar af leiðandi nauðsyn Skógræktarinnar til þess að fá aftur afnot jarðarinnar vegna umsjónar- og eftirlitsstarfs, sem niður hafi fallið vegna ósamkomulags við gerðarþola.

Gerðarþoli krefst þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að synjað verði um gerðina. Hver sem málsúrslit verða, krefst gerðarþoli málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins 14. þ. m. varð samkomulag um að flytja málið aðeins um aðalkröfu gerðarþola, frávísunarkröfuna. Gerðarþoli krafðist frávísunar málsins með vísun til þess, að fyrra máli gerðarbeiðanda gegn gerðarþola, nr. 14 frá 1966, um sama efni hefði enn ekki verið lokið, þegar þetta mál var þingfest, og ekki væri hægt að reka tvö mál fyrir dóminum um sama efni samtímis. Í greinargerð sinni á dómsskjali nr. 7 byggði gerðarþoli frávísunarkröfu sína einnig á því, að málið væri vanreifað.

Gerðarbeiðandi krafðist framgangs gerðarinnar og dæmðs kostnaðar vegna þessa þáttar málsins. Hafnaði hann þeirri málsástæðu gerðarþola, að hann hefði haft uppi kröfur á hendur varnaraðilja í tveim málum samtímis og um sama efni.

Eins og fram kemur af málsskj. nr. 16, hóf sóknaraðili þessa máls útburðarmál á hendur varnaraðilja 9. júní 1966, en hinn 23. nóvember sama ár krafðist sóknaraðili þess sjálfur, að það mál yrði hafið, en varnaraðili krafðist þá jafnframt málskostnaðar sér til handa. Um málskostnaðarkröfu varnaraðilja í því máli var ekki úrskurðað fyrr en 5. apríl 1969, og var málið því ekki formlega hafið fyrr en þann dag. Hins vegar voru allar kröfur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja í fyrra málinu niður felldar 23. nóvember 1966, og hefur sóknaraðili málanna því ekki rekið þau samtímis né haft uppi kröfur í þeim samtímis. Þykir því ekki ástæða til þess að vísa þessu máli frá dómi fyrir greindar sakir. Við munnlega málflutninginn fjallaði lögmaður gerðarþola ekki sérstaklega um vanreifun málsins af hálfu gerðarbeiðanda, en í greinargerð sinni styður hann frávísunarkröfu sína einnig með þeirri ástæðu. Rétturinn sér ekki, að gerðarþoli hafi með nægilegum rökum stutt kröfu sína um frávísun vegna vanreifunar, og er frávísunarkröfunni því hafnað.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisúrskurð.

Því úrskurðast:

Framkomin frávisunarkrafa varnaraðilja er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 24. september 1969.

Nr. 161/1969. **Guðbrandur Jörundsson og  
Ingólfur Jörundsson**  
gegn  
**Sveinbjörgu Kristjánsdóttur  
Boga Sigurðssyni  
Jökli Sigurðssyni  
Sigríði Sigurðardóttur  
Fríði Sigurðardóttur og  
Yngva Ólafssyni sýslumanni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Skipti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Yngvi Ólafsson, sýslumaður í Dalasýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1969, sem hingað barst 10. þ. m. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að hinn reglulegi skiptaráðandi í Dalasýslu viki sæti í máli þessu og að synjað verði kröfu um opinber skipti á dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur.

Varnaraðiljarnir Sveinbjörg Kristjánsdóttir, Bogi Sigurðsson, Jökull Sigurðsson, Sigríður Sigurðardóttir og Fríður Sigurðardóttir hafa krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði